

## GJALDSKRÁ

### mælingadeildar borgarverkfræðingsins í Reykjavík.

#### 1. Staðsetning bygginga.

Mælingadeild mælir fyrir staðsetningu nýbygginga á lóðum samkvæmt umsóknum lóðarhafa eða umboðsmanns hans. Umsækjandi skal greiða fyrir mælinguna eins og hér segir:

- a) Fyrir tvær línur hornréttar hvora á aðra og hæðarmælingu á einum punkti skal greiða 17.860 krónur.
- b) Ef um er að ræða fleiri línur en tvær í sömu mælingu, skal greiða 2.500 krónur fyrir hverja viðbótarlínu.
- c) Ef um fleiri en eitt hús er að ræða á sömu lóð og mælt er samtímis, er gjaldið 50% af fullu gjaldi fyrir hverja byggingu umfram eina.
- d) Fyrir hæðarmælingu, sem ekki er framkvæmd um leið og mælingar skv. a – c liðum þessarar greinar, skal greiða 5.000 krónur fyrir einn punkt og 500 krónur fyrir hvern punkt umfram einn.

#### 2. Staðsetning lóðamarka samkvæmt málsettum uppdrætti.

Mælingadeild mælir og staðsetur lóðamörk eftir málsettum uppdráttum samkvæmt umsókn lóðarhafa eða umboðsmanns hans. Gjald vegna staðsetningar lóðamarka er eins og hér segir:

- a) Fyrir fyrstu fjóra lóðamarkapunkta greiðast 17.860 krónur. Fyrir hvern viðbótarpunkt umfram fjóra, sem samtímis eru mældir, greiðast 1.500 krónur.
- b) Ef jafnframt og samtímis er óskað hæðarmælingar á lóðamarkapunktum skal greiða 1.000 krónur fyrir hana og 500 krónur fyrir hvern punkt umfram einn.
- c) Ef óskað er eftir að bygging verði staðsett um leið og lóðamörk, greiðist 50% af gjaldi samkvæmt 1. gr. fyrir staðsetningu byggingarinnar.
- d) Ef óskað er eftir staðsetningu á fleiri en einni samliggjandi lóðum og mælt er samtímis, skal greiða 50% af fullu gjaldi fyrir hverja lóð umfram eina.

#### 3. Könnun lóðamarka og gerð uppdrátta.

- a) Fyrir tillöguuppdrætti, sem mælingadeild gerir að ósk lóðarhafa vegna lóðarskiptingar eða annarra markabreytinga, sem samþykki skipulags- og bygginganefndar þarf til, skal greiða 6.000 krónur.
- b) Fyrir könnun mælingadeildar á lóðamörkum eignarlóða og gerð málsettra uppdrátta af þeim, þegar ekki er til útgefið, málsett lóðarblað (mæliblað), skal greiða 38.000 krónur.

#### 4. Staðfesting mælinga.

Fyrir staðfestingu mælingadeildar á staðsetningu bygginga og lóða samkvæmt mælingum, sem aðrir en starfsmenn mælingadeildarinnar hafa framkvæmt, skal greiða 56% af venjulegu gjaldi samkvæmt 1. og 2. gr. gjaldskrár þessarar.

#### 5. Almenn ákvæði.

Niðurstaða staðsetningarmælinga á lóðum og húsum er gefin upp í hnitum og á uppdráttum þegar við á.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, að viðbættum virðisaukaskatti, skulu greidd um leið og þjónustunnar er óskað.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 53. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, sbr. 9. gr. laga nr. 135/1997, og samþykkt af borgarráði Reykjavíkur 6. febrúar 2001, öðlast gildi við birtingu.

*Reykjavík, 6. febrúar 2001.*

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.**